



Reykjavík 20.04.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. apríl 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Kirkjustétt 2-6

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn M fasteigna ehf., mótt. 20. júlí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina 2-6 við Kirkjustétt. Í breytingunni felst að upphaflegum byggingarreit er skipt í þrjú hús sem geta orðið 1 - 3 hæðir. Hluti bygginga innan reitsins geta því orðið allt að 3 hæðir í stað 2 áður. Bætt er við heimild til að gera íbúðir á 2. - 3. hæð húsa 1 og 2. Einnig er skilmálum um bílastæði breytt og bætt við skilmálum um frágang lóðar, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf., dags. 20. júlí 2017, br. 30. ágúst 2017 og skýringaruppdrátt dags. 10. nóvember 2017. Einnig er lagt fram samþykki eigenda, mótt. 20. júlí 2017. Tillagan var auglýst frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2018. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2018. Tillagan var endurauglýst frá 20. febrúar 2018 til og með 3. apríl 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ingi Jóhannes Erlingsson dags. 3. mars 2018 og Magnús Birgisson dags. 3. apríl 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2018.


*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2018.
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. VA arkitekta ehf., dags. 20. júlí 2017, br. 30. ágúst 2017 og skýringaruppdrátt dags. 10. nóvember 2017, samþykki eigenda, mótt. 20. júlí 2017, inns. athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2018.


Breyting á deiliskipulagi "Grafarholts svæðis 1" vegna Kirkjustéttar 2-6.



Gildandi deiliskipulag samþykkt í skipulagsráði 14.9.2005, öðlaðist gildi 28.9.2005. mkv. 1:1000



Tillaga að breyttu deiliskipulagi. mkv 1:1000



HLUTI ÚR AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-2030
STADSETNING Á AÐALSKIPULAGI

Skýringar:

- Lóðarmörk
- - - - - Byggingarreitur
- · · · · Mörk svæðis sem breyting nær til
- · · · · 3ja hæð inndregin
- Byggingar þegar byggðar
- P Fjöldi bílastæða
- ○ ○ Gróður á lóð (Tré/runnar)

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.


Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Gildandi skilmálar:

Fyrir lóðina gilda eftirfarandi sérákvæði:
Lóðin er 1,06 ha. Hverfismiðstöð er á einni til tveimur hæðum með amk. 138 bílastæðum á lóð. Viðmiðunarstærð byggingar er 3490 m². Gera skal ráð fyrir einu bílastæði á 25 fermetra byggingar. Gert er ráð fyrir bensínafgreiðslustöð á lóðinni með þaki/skyggni, ásamt skjólvegg vestan við dælur stöðvarinnar og b=2,4x h=6,9m upplýsingarskilti við norðvestur lóðarmörk.

Tölulegar upplýsingar fyrir breytingu	Tölulegar upplýsingar eftir breytingu	A rými	B rými	Samtals
Hverfismiðstöð, 1-2 hæðir:	3030 m ² (viðmiðunarstærð)	4916 m ²	65 m ²	4981 m ²
Yfirbyggð göngugata:	440 m ² (viðmiðunarstærð)		20 m ²	20 m ²
Bensínafgreiðslustöð:	152 m ² (viðmiðunarstærð)		152 m ²	152 m ²
Tæknihús:	13 m ² (viðmiðunarstærð)	13 m ²		13 m ²
Upplýsingarskilti:	0,6 m ² (viðmiðunarstærð)			
Lóðarstærð:	10606 m ²			10606 m ²
Nýtingarhlutfall:	0,33			0,47
Fjöldi bílastæða:	138, þ.a. 8 ætluð hreyfihömluðum	114, þ.a. 8 ætluð hreyfihömluðum		



Ásýnd frá Kristnibraut eftir breytingu

Greinargerð:

Upphaflegt heildardeiliskipulag svæðisins „Grafarholt svæði 1“ var samþykkt í borgarráði 20.7.1999. Deiliskipulag fyrir lóðina hefur verið breytt og í gildi er deiliskipulag ásamt greinargerð sem samþykkt var í borgarráði 14.09.2005.

Lóðin er 1,06 ha. (óbreytt)

Breytingin felst í því að upphaflegum byggingarreit er skipt upp í þrjú hús sem geta orðið 1-3 hæðir. Hluti bygginga innan reitsins geta því orðið allt að 3 hæðir í stað 2 áður. Bætt er við heimild til þess að gera íbúðir á 2-3 hæð húsa 1 og 2, að hámarki 36 íbúðir. Einnig er skilmálum um bílastæði breytt og bætt við skilmálum um frágang lóðar.

Hlutfall 1-2 herbergja íbúða má ekki vera hærra en 60%, 40% íbúða skal vera 3ja-4ra herbergja og 10% þeirra skal vera stærri en 80 m².

Mhl. 1 getur orðið allt að 3 hæðir með hámarkshæð 11,30 m. Verslun og þjónusta skal vera á jarðhæð og heimilt að gera allt að 17 íbúðir á 2. og 3. hæð. 3. hæðin skal vera inndregin um 3 m að austanverðu.

Mhl. 2 getur orðið allt að 3 hæðir með hámarkshæð 11,30 m. Verslun og þjónusta skal vera á jarðhæð og heimilt að gera allt að 19 íbúðir á 2. og 3. hæð. 3. hæðin skal vera inndregin um 3 m að vestanverðu.

Í báðum matshlutum 1 og 2 er heimilt að þakgluggar og/eða kvistir fari 1,5 m upp fyrir hámarkshæð og að útkragandi svalir nái 0,8 m út fyrir byggingarreit. Einnig er heimilt að burðarsúlur nái 0,8 m út fyrir byggingarreit. Þær skulu vera inndregnar að öðru leiti. Brjóta skal upp einsleitna massa og húshliða með mismunandi efnisáferðum.

Mhl. 3 er 1 hæð, verslun og þjónusta.

Heimilt er að tengja matshlutanna saman með milli/yfirbyggingu á 1-2 hæðum.

Bílastæðaskilmálar:

- Gera skal ráð fyrir:
- 2 bst/pr íb stærri en 80 m²
 - 1 bst/pr íb minni en 80 m²
 - 1 bst/pr 35 m² verslun/þjónusta/skrifstofu
 - 1 bst/pr 50 m² fyrir annað atvinnuhúsnæði
 - 1 bst/pr 100 m² fyrir lager og tæknirými.
- Heimilt er að gera 114 bílastæði á lóðinni. Leitast skal við að hafa þau ekki fleiri en þörf er á.

Hverfistorg lóðarfrágangur:
Lóðarfrágangur sem sýndir er á deiliskipulagsuppdraetti er leiðbeinandi. Gefa skal bílastæðalóð til norðurs, austurs og suðurs grænt yfirbragð með því meðal annars að brjóta upp röð bílastæða með gróðurbeltum.

Lóð í suðvesturhluta skal hanna annarsvegur sem torg tengt verslun og þjónustuhlutunum og dvalar-, útivistar-, og leiksvæði fyrir íbúðirnar. Yfirbragð lóðarinnar skal vera sambland af gróðri og hörðu yfirborði, vanda skal til frágangs. Girðingar eru ekki heimilar. Skila skal inn lóðaruppdraetti sem sýnir hönnun hennar samhliða aðlauppdrautum.

Bensínafgreiðslustöð:
Bensínafgreiðslustöð er heimil innan sérstaks reits á lóðinni. Heimilt er að gera þak/skyggni, ásamt skjólvegg vestan við dælur stöðvarinnar og upplýsingaskilti sem er b=2,4 x h=6,9m við norðvestur lóðarmörk.

Endurskoðun:	Dags:	Teikn:	Yfirf.
H:			
G:			
F:			
E:			
D:			
C:			
B:			
A:			

Kirkjustétt 2-6, mhl2 Grafarholti, Reykjavík

STADGREINIR: 0-1-4132201
LANDNÚMUR: 188525
VERKKAUPI: M fasteignir ehf.
KENNITALA VERKKAUPA: 530516-0670

SKIPULAGSUPPDRAUTTUR

EFNI:	Deiliskipulag	
MÆLIKVARÐI:	1: 1000	
FRUMSTÆRÐ BLAÐS:	A2	
TEIKNAD:	IC	VERKNR: 1609
YFIRFARID:	ASJ	TEIKN. NR: 001
DAGSETNING ÚTGAFU:	30.08.2017	ENDURSK.:


VA ARKITEKTAR

borgartúni 6
105 reykjavík
kt: 450400-3510
sími: 530 6990
fax: 530 6991

vaarkitektar@vaarkitektar.is
www.vaarkitektar.is

ÚTGEFANDI: Indro Indriði Candi KT: 170364-7599

Teikning þessi er gefin út af undirrituðum fyrir hönd eiganda höfundaréttar. VA Arkitektar ehf. Teikninguna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.



HLUTI ÚR AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-2030
STAÐSETNING Á AÐALSKIPULAGI




Ásýnd séð frá Kristinbraut/Kirkjustétt



Séð frá norðaustur



Séð frá norðvestur



Endurskoðun:	Dags:	Tekkt Yfir:
H:		
G:		
F:		
E:		
D:		
C:		
B:		
A:		

Kirkjustétt 2-6, mhl2 Grafarholti, Reykjavík

STADGREINIR 0-1-4132201
LANDNÚMÉR 188525
VERKAUPI: M fasteignir ehf.
KENNITALA VERKAUFA: 530516-0670

SKIPULAGSUPPDRATTUR

EFNI: Skýringarmynd
MÆLIKVARÐI:
FRUMSTÆRD BLAÐS: A2
TEIKNAD: IC
YFIRFARID: ASJ
DAGSETNING ÚTGAFU: 10.11.2017
VERKNR: 1609
TEIKN. NR: 002
ENDURSK.:



VA ARKITEKTAR

Þorcartunni 6
105 Reykjavík
kt: 450400-3510
sími: 530 6990
fax: 530 6991

vaarkitektar@vaarkitektar.is
www.vaarkitektar.is

ÚTGEFANDI: Indro Indriði Candi

KT: 170364-7599

Tekning þessi er gefin út af undirrituðum fyrir hönd eiganda höfundaréttur. VA Arkitektar ehf. Tekninguna má ekki sýnta með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflegs keyfs íslundar.



Samþykki meðlóðarhafa á breytingu á deiliskipulag fyrir Kirkjustétt 2-6,

Skjalnúmer: Reykjavík

Ábm.

Lóðarhafa að lóðinni við Kirkjustétt 2-6, Reykjavík, landnúmer 188525 samþykkjum með undirritun á skjal þetta að M fasteignir ehf. kt. 530516-0670 eigandi eignarhluta með fastanr. 225-9541 við Kirkjustétt 2-6, Reykjavík og Höfðaeignir ehf. kt. 581113-1020 eigandi eignarhluta með fastanr. 225-9537 sækir um að gera breytingu á núverandi deiliskipulagi á lóðinni við Kirkjustétt 2-6.

Varðandi hús B / matshluta 2 verði við breytingu á deiliskipulagi heimilað að breyta annari hæð hússins í íbúðir og byggja eina hæð ofan á bygginguna sem verður innréttuð sem íbúðir ásamt öðrum breytingum sem því fylgja að byggja ofan á bygginguna. Jarðhæð verði atvinnu/þjónustuhúsnæði/vinnustofur. Þinglýstir eigendur byggingu B / matshluta 2 í dag eru eigendur að byggingarétti sem heimilaður verður á húsið.

Varðandi byggingu A / matshluta 1 verði við breytingu á deiliskipulagi heimilað að byggja tvær hæðir ofan á húsið sem verða innréttuðar sem íbúðir ásamt öðrum breytingum sem því fylgja að byggja ofan á bygginguna. Jarðhæð verður atvinnu/þjónustuhúsnæði. Þinglýstir eigendur byggingu A / matshluta 1 í dag eru eigendur að þeim byggingarétti sem heimilaður verður á húsið.

Við breytingu á deiliskipulagi skal tryggt að aðgengi að bensínstöð Ólíuverslunar Íslands hf. sem staðsett er á lóðinni skerðist ekki á neitt hátt.

M fasteignir ehf. og Höfðaeignir ehf. munu greiða allan kostnað við breytingu á deiliskipulagi og breytingu á eignum eða lóð sem farið verður í samkvæmt deiliskipulagsbreytingum.

Reykjavík 28.03.2017

f.h. M fasteigna ehf. kt. 530516-0670
fastanr. 225-9594

f.h. Icefakta ehf. kt. 450208-0510
fastanr. 225-9540

f.h. Ólíuverslunar Íslands hf. kt. 500269-3249
fastanr. 228-3020

f.h. Alþjóðleg frímúrararegla karla og kvenna á Íslandi
kt. 540576-0179, fastanr. 225-9545

Vottar að rétttri undirritun, dagsetningu og fjágræði aðila.



f.h. Höfðaeigna ehf. kt. 581113-1020
fastanr. 225-9537

f.h. Höfðaeigna ehf. kt. 581113-1020
fastanr. 225-9537

Ellert Róbertsson kt. 120354-5159
Fastanr. 225-9546, 225-9547, 225-9548

→ Asta Þórunn Baldvinsson... 32°
Katrín Gunnarsson... 18°
Sigríður Þinnsdóttir... 31°
Sigríður Þinnsdóttir... 30°
Anna Sigurðardóttir... 32°
Vilhelmina Þórunn... 31°



Varðar: Kirkjustétt 2-6, breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn M fasteigna ehf., mótt. 20. júlí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina 2-6 við Kirkjustétt. Í breytingunni felst að upphaflegum byggingarreit er skipt í þrjú hús sem geta orðið 1 - 3 hæðir. Hluti bygginga innan reitsins geta því orðið allt að 3 hæðir í stað 2 áður. Bætt er við heimild til að gera íbúðir á 2. - 3. hæð húsa 1 og 2. Einnig er skilmálum um bílastæði breytt og bætt við skilmálum um frágang lóðar, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf., dags. 20. júlí 2017, br. 30. ágúst 2017 og skýringaruppdrátt dags. 10. nóvember 2017. Einnig er lagt fram samþykki eigenda, mótt. 20. júlí 2017.

Tillagan var auglýst frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2018. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2018.

Tillagan var endur auglýst frá 20. febrúar 2018 til og með 3. apríl 2018.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

1. Ingi Jóhannes Erlingsson dags. 3. mars 2018
2. Magnús Birgisson dags. 3. apríl 2018.

Helstu atriði athugasendanna eru eftirfarandi:

Bréf 1 Inga Jóhannesar Erlingssonar dags. 3. mars 2018

Sett er fram sú skoðun að breytingin muni hafa í för með sér aukið álag á umferð, innviði eins og leikskóla og skóla og að ekki hafi í tillögunni verið gerð grein fyrir áhrifum þess.

Svar: Haft hefur verið samráð við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar varðandi stöðu skóla og leikskólalássa í hverfinu. Niðurstaðan er sú að Ingunnarskóli sem er í skólahverfi Kirkjustéttar ræður mjög vel við að taka við fleiri börnum þar sem hann hefur ekki verið fullnýttur og fækkun hefur orðið þar. Hvað leikskólaláss varðar þá lítur það öðrum lögmálum er m.a. ekki eins hverfistengt. Hlutfalslega gæti verið að vænta 7 leikskólabarna frá þessum nýju íbúðum. Í dag eru þrjú leikskólar í Grafarholti og hefur Reykjavíkurborg ekki áform um að fjölga þeim enda er að vissu leiti horft til borgarinnar allrar hvað þörf og fjölgun leikskólalássa varðar.

Aukning umferðar vegna þessara 36 nýju íbúða er ekki teljandi og í raun nokkuð minni en ef um nýtingu húsnæðisins fyrir þjónustu hefði verið að ræða. Bent er á að bætt er við skilmála kröfum um frágang lóðar og bílastæða þannig að umhverfið verði mannvænna.

Bréf 2 Magnúsar Birgissonar dags. 3. apríl 2018

Bréfritari er samþykktur því að breyta deiliskipulagi m.t.t. þess að fjölga íbúðum en telur þó ekki ráðlegt að breyting á því sé samþykkt án þess að leyfi fyrir rekstri bensínsjálfaþgreiðslustöðvar á reitnum sé um leið fellt brott.

Svar: Rekstrarleyfi fyrir bensínstöðina er ekki hluti þessarar deiliskipulagsbreytingar heldur er stöðin hluti af gildandi deiliskipulagi ásamt þeirri byggingu sem lagt er til að breyta hæð og nýtingu á. Við meðferð byggingarleyfisumsókna fara tilskildir eftirlits- og umsagnaraðilar yfir einstök atriði.

Niðurstaða: Lagt er til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík
Lilja Grétarsdóttir arkitekt og verkefnisstjóri

Reykjavíkurborg
Björn Axelsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík



Reykjavík 7. febrúar 2018
Tilvísun: 201801134 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Grafarholts svæði 1, norðurhluta. Kirkjustétt 2-6. Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur með erindi dags. 30. janúar 2018, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Grafarholts svæðis 1, norðurhluta til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga vegna Kirkjustéttar 2-6. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. laganna og var breytingartillagan auglýst í Lögbirtingablaðinu og í dagblaði á landsvísu. Engar athugasemdir bárust.

Í auglýsingunum var tekið fram að unnt væri að kynna sér breytingartillöguna frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2017 og að athugasemdum þurfi að skila inn eigi síðar en 19. desember 2017.

Deiliskipulag Grafarholts, svæði 1, norðurhluta var samþykkt 20. júlí 1999. Breytingar hafa síðan verið gerðar á því og var breyting á lóð Kirkjustéttar 2-6 (hverfismiðstöð), samþykkt 24. október 2001.

Í meginatriðum felst breytingin sem nú er gerð í því, að byggingarreitnum á lóðinni er skipt upp í þrjá hluta og gert ráð fyrir íbúðum á 2. og 3. hæð, allt að 36 íbúðum, en verslun og þjónusta verður á 1. hæðum húsanna.

Breytingin er sett fram á kortblaði dags. 20. júlí 2017, með greinargerð, skilmálum og grunnuppdráttum og sneiðingu í mkv. 1:2000. Skýringaruppdráttur fylgir, dags. 10. nóvember 2017, með þríðviðarmyndum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna þess að uppgefinn athugasemdafrestur í auglýsingum var einungis frá 5. til 19. desember 2017 og því tvær vikur en ekki sex, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr. skipulagslaga sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna. Að mati stofnunarinnar þarf því að auglýsa breytingartillöguna að nýju.

Breytingardagsetningum þarf að bæta við á ný gögn.

Skipulagsstofnun minnr á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.



Inga Björk Dagfinnsdóttir

Helena Stefánsdóttir

Frá: Ingi Erlingsson <ingi.erlingsson@gmail.com>
Sent: 3. apríl 2018 11:30
Til: USK Skipulag
Efni: Varðar breytingu á deiliskipulagi á Kirkjustétt 2-6

Gerð er athugasemd við tillögu um breytingu á deiliskipulagi Kirkjustétta 2-6.

Umrædd breyting gerur ráð fyrir íbúðarbyggð á reit sem er skipulagt sem atvinnusvæði. Í breytingu er gert ráð fyrir að heimild verði veitt fyrir 36 íbúðum.

Ljóst er að umrædd breyting mun hafa í för með sér aukið álag á innviði eins og leikskóla og skóla. Í tillögun er ekki gerð grein fyrir þessum áhrifum eða þau metin.

Undirritaður hefur óskað upplýsinga frá Reykjavíkurborg um fjölda barna á biðlistum eftir leikskólaplássi, en ekki fengið svör, sjá meðfylgjandi samskipti.

Í viðtali við formann skóla og frístundnaráðs, Skúla Helgason á K100 þann 3.4.2018, kom fram að biðlistar eftir leikskólaplássum væru hvað verstir í Grafarholti. Það hefur undirritaður sjálfur kynnst, í tvígang þurft að leita að leikskólaplássi útfyrir Grafaholt og í þriðja skiptið að hafa barn á leikskólaaldri hjá dagmóður til 27 mánaða aldurs.

Mikilvægt er að þessi áhrif séu metinn gaumgæfilega, en því miður virðist það ekki hafa verið gert í fyrri breytingum á deiliskipulagi við breytingu á Klausturstíg frá árinu 2005 og Kristnibraut 91-93 frá árinu 2002. Þær breytingar virðast hafa gengið fram án þess að áhrif á leikskóla og skóla hafi verið metin, í öllu falli er ljóst að biðlistar hafa verið í leikskóla í Grafarholti frá þeim tíma og eru enn. Samkvæmt lauslegri talningu í þjóðskrá búa ríflega 60 börn á leikskóla aldri við Klausturstíg og Kristnibraut 91-93, líklega er þar um 55 börnum fleira en hefði verið að óbreyttu.

Eins er mikilvægt að horfa til þess að á umræddu svæði eru skóli, leikskóli og frístundaheimili, umrædd breyting mun hafa í för með sér aukna umferð á svæði börn eru á ferð.

Vakinn er athygli á ákvæðum skipulagslaga 123/2010 um að meta skuli líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði. Ekki hefur í tillögunni verið gerð grein fyrir áhrifum á t.d. leikskóla, skóla, umferð.

Kveðja, Ingi

Ingi Jóhannes Erlingsson kt. 1309665009
Maríubaugi 9, 113, Reykjavík.

----- Forwarded message -----

From: **Ingi Erlingsson** <ingi.erlingsson@gmail.com>

Date: 2018-03-20 18:02 GMT+00:00

Subject: Fwd: Ekki hægt að afhenda: Fwd: Börn á biðlistum eftir leikskólaplássi

To: upplýsingar@reykjavik.is

Sæl, fæ ekki svör, getið þið kannað málið.

kveðja, Ingi

----- Forwarded message -----

From: **Ingi Erlingsson** <ingi.erlingsson@gmail.com>
Date: 2018-03-12 18:41 GMT+00:00
Subject: Re: Börn á biðlistum eftir leikskólaplássi
To: Innritun Leikskólar <innritun.leikskolar@reykjavik.is>

Hef ekki enn fengið svar. Kv. Ingi

----- Forwarded message -----

From: **Ingi Erlingsson** <ingi.erlingsson@gmail.com>
Date: 2018-03-12 18:41 GMT+00:00
Subject: Re: Börn á biðlistum eftir leikskólaplássi
To: Innritun Leikskólar <innritun.leikskolar@reykjavik.is>

Hef ekki enn fengið svar. Kv. Ingi

On Thu, 22 Feb 2018 at 16:44, Ingi Erlingsson <ingi.erlingsson@gmail.com> wrote:

Sæl,

Í kynningu er breyting á deiliskipulagi í Grafarholti, aðgangur að leikskóla er eitt af þeim atriðum sem mun reyna á við þá breytingu.

kveðja, Ingi

2018-02-22 15:52 GMT+00:00 Innritun Leikskólar <innritun.leikskolar@reykjavik.is>:

Sæll Ingi.

Fyrir hvern og í hvaða tilgangi er beðið um þessar upplýsingar?

Kveðja,
Innritun leikskóla
Skóla og frístundasvið Reykjavíkur (SFS)
innritun.leikskolar@reykjavik.is

Frá: Upplýsingar - Pósthólf Símaver
Sent: þriðjudagur, 20. febrúar 2018 10:21
Til: Innritun Leikskólar <innritun.leikskolar@reykjavik.is>

Afrit: ingi.erlingsson@gmail.com

Efni: FS: Börn á biðlistum eftir leikskólaplássi

Góðan dag,
Sjá neðangreint erindi.

Bestu kveðjur,
Rakel Ýr Waage
Þjónustufulltrúi í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar
Skrifstofa þjónustu og reksturs
Höfðatorg-[Borgartúni 12-14](#)
Netfang: rakel.yr.waage@reykjavik.is
Sími: 411-1111

From: Ingi Erlingsson [<mailto:ingi.erlingsson@gmail.com>]

Sent: 19. febrúar 2018 17:43

To: Upplýsingar - Pósthólf Síma

Subject: Börn á biðlistum eftir leikskólaplássi

Sæl,

Er hægt að fá yfirlit um fjölda barna á bið eftir leikskólaplássi í Grafarholti, þ.e. leikskólunum Maríuborg, Geislabaug og Reynisholti. Eins upplýsingar um fjölda barna á leikskólaaldri með lögheimili í póstnúmeri 113, en leikskólapláss í öðru póstnúmeri.

Kveðja, Ingi

Helena Stefánsdóttir

Frá: Magnús Birgisson <magnusbir@gmail.com>
Sent: 3. apríl 2018 12:18
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemdir við breytingu á skipulagi, Kirkjustétt 2-6

Sæl(l)

Þó ég sé samþykkur þessari breytingu á skipulaginu og fjölgun íbúa á reitnum og í hverfinu almennt, þá tel ég óráðlegt að breyting á deiliskipulagi sé samþykkt að þessu sinni án þess að leyfi fyrir rekstri bensínsjálfsafgreiðslustöðvar á reitnum sé um leið fellt á brott.

Afgreiðsla eldfims eldneytis er einfaldlega ósamrímameg starfsemi við þá sem þarna er fyrir eða er fyrirhuguð. Þetta skapar eld- og mengunarhættu og hefur í för með sér aukna umferð vélknúinna ökutækja sem er ekki æskilegt svo nálægt göngustíg með mikilli umferð gangandi barna, grunnskóla, dagvistun grunnskólabarna og félagsmiðstöðvar unglinga og núna undir eldhúsglugga fjölda fólks.

--

Bestu kveðjur,

Magnús Birgisson
Jónsgeisli 33
113 Reykjavík
kt. 200667-3799

gsm: 863 3393